

Kennsluáætlun - ÍSLE3BS05

Kennari: Bjarnveig Ingvarsdóttir

Kennslugögn: *Öldin öfgafulla*, bókmenntsaga tuttugustu aldarinnar eftir Dagnýju Kristjánsdóttur. *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness. *79 af stöðinni* eftir Indriða G. Þorsteinsson. Fjölritað efni frá kennara. Verkefni verða öll birt á INNU.

Markmið áfanga: Unnið er út frá hugtökunum þekking, leikni og hæfni. Markmiðið er nemendur öðlist yfirsýn yfir bókmenntir síðari alda, þ.e. frá upphafi rómantíkur á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar og fram til dagsins í dag. Nemendur kynnist bókmenntastefnum tímabilsins, lesi verk nokkurra helstu höfunda, skáldsögur, smásögur og ljóð og þjálfist í túlkun þeirra bæði munnlega og skriflega. Lögð er áhersla á frumkvæði og vandvirkni nemenda við framsetningu efnis.

Kennsluform: Í tímum skiptast á fyrirlestrar kennara og verkefni nemenda, einstaklings- og hópverkefni sem ýmist er skilað skriflega eða munnlega. Lögð verða fyrir próf úr *Sjálfstæðu fólki* og *79 af stöðinni*. Í ritgerð úr bókmenntasögu velja nemendur skáld og/eða verk til umfjöllunar. Nánar ákveðið í samráði við kennara.

Námsmat: Lokapróf gildir 60% af heildareinkunn og er prófað úr öllu efni áfangans. Verkefni, ritgerðir og próf á önninni gilda 40% og skiptist vægi þeirra þannig: Ritgerð úr bókmenntasögunni 10%, próf úr *Sjálfstæðu fólki* 6%, próf úr *79 af stöðinni* 4%, verkefni og ástundun 20%.

Vikur	Dagsetningar	Kennsluefni	Próf og verkefnaskil
1-4	5. - 27. jan.	Rómantík 1830-1880 Raunsæi 1880-1900 Valdir textar lesnir	Tímaverkefni
5-7	30. jan. - 17. feb.	<i>Öldin öfgafulla</i> , 1900-1930. Nýrómantík - súrrealismi Valdir textar lesnir og byrjað á <i>Sjálfstæðu fólki</i> .	Tímaverkefni Fyrri ritunarverkefni úr <i>Sjálfstæðu fólki</i> .
8-10	20. feb. - 10. mars (opnir dagar 28. feb. - 3. mars)	<i>Öldin öfgafulla</i> , 1930-1940. Félagslegt raunsæi - úr sveit í borg. Valdir textar lesnir og <i>Sjálfstætt fólk</i> til söguloka.	Tímaverkefni Síðara ritunarverkefni úr <i>Sjálfstæðu fólki</i> og próf að loknum lestri bókar.
11-12	13. - 24. mars	<i>Öldin öfgafulla</i> , 1940-1970 Hernám - eftirstríðsár - módernismi - blómabylting Valdir textar lesnir og <i>79 af stöðinni</i>	Tímaverkefni Próf úr <i>79 af stöðinni</i> að loknum lestri bókar.
13-19	27. mars - 10. maí (páskafri 8. - 18. apríl)	<i>Öldin öfgafulla</i> , 1970-2010 Kvennabarátta - nýtt raunsæi - póstmódernismi - uppgjör Valdir textar lesnir.	Tímaverkefni Ritgerð úr bókmenntasögu skilað í 18. viku.

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar í samráði við nemendur.